

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Sólveig Olga Sigurðardóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 31. mars 2023
UST202303-314/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag - Hraunkot; Hraunborgir; Frístundasvæði; - Grímsnes- og Grafningshreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps er barst 28. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundasvæði fyrir Hraunkot í Grímsnesi.

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er um 448 ha þar sem hver lóð er um 5.000 m². Auk þess kemur fram að heimilt er að byggja allt að 150 m² hús, 40 m² aukahús og allt að 25 m² geymslu.

Forsendur

Í aðalskipulagi sveitarfélagsins segir að frístundabyggð verði utan svæða sem mikilvægt er að vernda vegna náttúrufars, auðlinda, náttúruvár, sögu eða útivistargildis. Umhverfisstofnun tekur undir þessi göfugu og jákvæðu markmið og hvetur stofnunin sveitarfélagið til að skoða aðra staðsetningarkosti fyrir frístundabyggð utan svæða sem mikilvægt er að vernda vegna náttúrufars.

Umhverfisstofnun bendir á að hér er verið að leggja fram tillögu að deiliskipulagi á svæði sem mikilvægt er að vernda vegna náttúrufars þar sem að svæðið er á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagssvæðisins er hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í greinargerð segir að forðast beri, eins og kostur er, að raska hrauni sem undir greinina fellur. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er vitnað rétt í ákvæði laganna.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Að mati Umhverfisstofnunar getur skipulagstillagan valdið óafturkræfu raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar og hefur því neikvæð áhrif á það.

Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu en eins og tillagan er sett fram virðast einungis einkahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu. Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur